

Ákall um aðkomu að skólamálum Hamraskóla og Húsaskóla í Reykjavík

Reykjavík, 16. febrúar 2012

Menntamálaráðherra, Katrín Jakobsdóttir.

Við, hópur foreldra barna í Hamraskóla og Húsaskóla í Grafarvogi, förum þess á leit við þig að þú kynnir þér stöðu mála er varða fyrirhugaða sameiningu unglingsdeilda þriggja grunnskóla í safnskóla í sunnanverðum Grafarvogi.

Við höfum af þessum áformum miklar áhyggjur og svo virðist sem Oddný Sturludóttir, formaður mennta- og frístundasviðs Reykjavíkur og aðrir í meirihluta borgarstjórnar ætli, í krafti meirihlutavalds, að keyra í gegn vanhugsaða og illa ígrundaða breytingu og sameiningu í þessum þremur skólum, þrátt fyrir víðtæka og almenna andstöðu okkar foreldra og íbúa hverfanna.

Grundvallaratriði er að friður og sátt ríki um jafn viðkvæman málaflokk og skólastarf. Jafnvel minnstu breytingar verða að vera í fullu samráði og sátt við alla hlutaðeigandi ef ekki á illa að fara. Hér er hins vegar um verulegar breytingar að ræða, bæði fyrir skólana og hverfin. Óvissa, óánægja og óöryggi í umgjörð ofangreindra stofnana eru þeir þættir sem fljótt hafa neikvæð áhrif á starfið og ekki síst börnin, sem ættu þó að vera í forgangi þegar hugað er að jafn stórfelldum breytingum.

Við bendum á að í Hamraskóla er mjög vel rekin sérdeild einhverfra barna, Hamrasetur, og allar breytingar á starfi og umhverfi þeirrar deildar verður að nálgast af varfærni og nærgætni við börnin sem eru mjög viðkvæm fyrir öllu því sem nýtt er og óvenjulegt. Það hefur tekið mörg ár að byggja þessa góðu deild upp í það sem hún er í dag og við vörum við þeim gerræðislegum vinnubrögðum sem hafa einkennt fyrirhugaðan flutning deildarinnar og unglingsstíga Hamraskóla.

Tónlistarkennsla, söngur og kórstarf í Hamraskóla er til fyrirmyndar. Það hefur haft mikil og góð áhrif á skólabraginn. Við fyrirhugað brotthvarf unglingsdeildar telur tónlistarstjóri skólans að grundvöllur kórstarfsins sé brostinn. Þá má einnig benda á hve nokkrir nemendur sérdeildarinnar hafa tekið miklum framförum í tengslum við tónlistarnámið.

Fyrir u.þ.b. ári hóf borgarstjórn að kynna tillögur um þessar sameiningar víða í hverfum borgarinnar og þá með fjárhagslegan sparnað að leiðarljósi. Nú ber svo við að ekki er lengur talað um sparnað heldur borið við óútskýrðum „faglegum ávinningi“.

Það hlýtur að teljast með öllu ólíðandi að skólastarfi í mörgum hverfum Reykjavíkur sé haldið í gíslingu pólitískt kjörinna stjórnenda þar sem tilgangur, markmið og framtíðarsýn fyrirhugaðra breytinga virðast í besta falli óljós.

Í viðhengi er samantekt helstu staðreynda málsins og sérstaklega bendum við á samantekt fundu borgarráðs, menntaráðs o.fl. um málið en þar er upptalning í tímaröð á fundum og samantekt úr fundargerðum, sem finna má á vef Reykjavíkurborgar. Við vekjum athygli á fjölmörgum undirstrikuðum bókunum í þessari samantekt.

Eftir ítrekaðar óskir foreldra barna í Hamraskóla um fund með stjórnendum fyrirhugaðar sameiningar (þau mættu ekki á opinn fund í Hamraskóla 26. janúar s.l.) boðaði Oddný Sturludóttir til fundar í Hamraskóla 1. febrúar síðastliðinn og svo í Húsaskóla þann 15. febrúar. Á þessum fundum svaraði hún nokkrum af þeim fjölmörgu spurningum sem við höfðum um málið. Eftir stendur samt sem áður að ýmsum grundvallarspurningum er enn ósvarað. Við teljum að mikið skorti á fagleg og fjárhagsleg rök fyrir sameiningunni, markmiðin með henni séu óljós og illa skilgreind og í stuttu máli sjáum við ekki nokkurn þann ávinning sem réttlætt gæti það rask og upplausn sem ákvörðunin hefur valdið meðal nemenda skólanna, foreldra og kennara og ekki síst nemenda í Hamrasetri.

Við teljum að það samráð, sem borgarstjórnarmeirihlutinn vísar í sífellu til, hafi ekki verið raunverulegt heldur fremur samtál. A.m.k. höfum við ekki orðið vör við að hlustað hafi verið á ábendingar okkar eða þær teknar til greina. Nægir þar að vísa til þess að skólaráð Hamraskóla hafnaði tillögum um sameiningu unglíngadeildanna í safnskóla vegna m.a. óljóss ávinnings og skólaráð Húsaskóla taldi gallana við sameiningu vega meira en kostina. Þessar umsagnir skólaráðanna urðu þó ekki til þess að tillagan væri unnin betur eða staldrað við, heldur var ákvörðunin um sameininguna keyrð í gegn án frekari málalenginga. Hver er tilgangurinn með því að fá umsagnir skólaráða og fagaðila ef ekki er tekið neitt mið af þeim?

Í álitinu mennta- og menningarmálaráðuneytis til borgarstjóra frá 28. mars 2011 á tillögum starfshóps um greiningu tækifæra til samrekstrar og/eða sameiningar leikskóla, grunnskóla og frístundaheimila, kemur fram að ráðuneytið muni nýta matsleiðir og úttektarheimildir sínar til að fylgjast sérstaklega með áætlunum Reykjavíkurborgar. Því viljum við fara þess á leit við þig, sem æðsta yfirmann menntamála á Íslandi, að ráðuneyti þitt skoði þær ákvarðanir sem teknar hafa verið um framtíð unglíngadeilda Hamraskóla og Húsaskóla. Við óskum eftir því að ráðuneytið:

- Kanni hver séu markmið og undirmarkmið með sameiningunni, bæði til skemmri og lengri tíma, hvaða leiðir eigi að fara til að ná þeim markmiðum og hvernig og hvenær þau verði mæld.
- Fari yfir hver séu fagleg rök fyrir sameiningunni, hvort að þau teljist fullnægjandi og hvort unnt sé að ná sambærilegum eða jafnvel betri faglegum ávinningi eftir öðrum leiðum.
- Reikni út hver sé fjárhagslegur ávinningur af sameiningunni, bæði hvernig megi ná fram sparnaði með henni og eins hvaða kostnaður komi á móti, til lengri og skemmri tíma. Jafnframt hvort ná megi sömu fjárhagslegu hagræðingu með mildari aðgerðum.
- Kanni hvort fjárhagsáætlun fyrir fyrsta starfsár hins sameinaða safnskóla hafi legið fyrir áður en ákvörðun um sameiningu var tekin, svo og langtímaáætlun.
- Skoði ferlið í aðdraganda ákvörðunar, t.d. hvernig unnið var úr tillögum sem komu fram á hverfisfundum í Gufunesbæ í janúar, skipan í rýnihóp og vinnu hans, vinnu úr umsögnum fag- og hagsmunaaðila o.s.frv. Skoði hvort samráð hafi verið raunverulegt þegar ákvörðun um stofnun safnskóla var tekin eða hvort það hafi einungis verið til málamynda.
- Skoði hvort fulltrúar í stýrihópnum, sem vinna á að undirbúningi safnskóla, hafi í raun getað haft áhrif á starf hans.
- Skoði hvort lagt hafi verið mat á hvaða áhrif brotthvarf unglínganna hafi á rekstrahæfi þeirra skóla sem eftir standa.
- Skoði hvort lagt hafi verið mat á það umrót sem svo miklar breytingar óhjákvæmilega valda og þau áhrif sem það hefur á nemendum, starfsfólki/starfsmannaveltu og íbúapróun hverfanna.

Við teljum að undirbúningi og ákvarðanatöku um sameiningu unglíngadeildanna í einn safnskóla hafi verið verulega ábótavant, sé miðað við leiðbeiningarít fjármálaráðuneytis um sameiningu ríkisstofnana og tengdar breytingar, leiðbeiningar frá Ríkisendurskoðun (spurningalisti um sameiningu stofnana) og leiðbeiningar Sambands íslenskra sveitarfélaga um samrekstur skóla. Í 12. gr. stjórnáslulaga segir að stjórnvald skuli því aðeins taka íþyngjandi ákvörðun þegar lögmætu markmiði, sem að er stefnt, verði ekki náð með öðru og vægara móti. Skuli þess þá gætt að ekki sé farið strangar í sakirnar en nauðsyn beri til. Við teljum að markmiðin með sameiningunni séu alls ekki skýr og erum þess fullviss að séu gild markmið fyrir hendi megi ná þeim eftir öðrum leiðum með minna raski og betra samstarfi við alla hlutaðeigandi.

Við veltum því jafnframt fyrir okkur hvort Reykjavíkurborg hafi gætt jafnræðis í ákvörðunum sínum um sameiningar þar sem okkar litlu hverfi mega vænta umróts í skólasterfi næstu árin. Í því samhengi er rétt að benda á að borgaryfirvöld hafa gefið það út að ekki verði látið staðar numið við unglíngadeildirnar heldur megi vænta frekari breytinga á skólasterfi í hverfunum, með sameiningu eða samrekstri þeirra skóla sem eftir standa og þá jafnvel með aðkomu leikskólanna. Nú þegar hefur Hamrahverfi (sem er eitt af átta hverfum í Grafarvogi) þurft að takast á við þrjár sameiningar/sambættingar til samreksturs á rúmu ári. (Annar hverfisleikskólinn okkar var sameinaður tveimur öðrum síðastliðið sumar og búið er að flytja frístundaheimilið Simbað inn í Hamraskóla). Og í haust á svo unglíngadeildin að flytjast úr hverfinu í safnskóla í Foldaskóla.

Við höfum ýmsar spurningar og athugasemdir, s.s. um knappan tímaramma, akstur í skóla o.s.frv. en of langt mál væri að telja þær allar upp hér. Í stuttu máli teljum við ákvörðun um flutning unglíngadeilda Hamraskóla og Húsaskóla í safnskóla í Foldaskóla, hafa verið tekna á hæpnum forsendum og án lögbundins samráðs við fagaðila og íbúa. Því teljum við að hana beri að endurskoða. Við vonum að ákall okkar verði til þess að ráðuneytið taki erindi okkar til skoðunar sem fyrst.

Hér fyrir neðan eru netslóðir og fyrirsagnir úr örfáum af þeim aragrúa fréttu, umsagna, ályktana og greina sem birst hafa í fjölmiðlum og á heimasíðum undanfarna mánuði. Efst er slóð á álit frá menntamálaráðuneytinu frá 28. mars 2011 þar sem ýmis varnaðarorð eru látin falla um sameiningaráformin.

Virðingarfyllt,

Fyrir hönd foreldra barna í Hamraskóla,

Árni Guðmundsson, kt. 260362-3219, arnigud@talnet.is, s: 660 3348

Marta Kristín Hreiðarsdóttir, kt. 100571-4049, bjarkis@simnet.is, s: 891 8035

Sigurður Kr. Björnsson, kt. Siggikr2011@gmail.com, s: 857 1701

Fyrir hönd foreldra barna í Húsaskóla,

Jón H Sigurðsson, kt. 190168-3609, jon.sigurdsson@is.pwc.com, s: 840 5387

Magnea Lena Björnsdóttir, kt. 030167-4739, magnealena@hotmail.com, s: 661 9313

Ragnar Torfi Geirsson, kt. 140660-2569, rato@isb.is, s: 844 4182

Afrit sent: Þingmenn í allsherjar- og menntamálanefnd, formenn helstu stjórn málaflokka, umboðsmaður Alþingis, umboðsmaður barna, Heimili og skóli, SAMFOK og fjölmiðlar.

Nokkrir netslóðir og fréttir sem lúta að málinu:

<http://www.menntamalaraduneyti.is/media/MRN-pdf/AlitBorgarstjorinnReykjavik.pdf>

Tillögur Reykjavíkurborgar stangast ekki á við lög eða anda þeirra þó að heimild til samrekstrar leik- og grunnskóla hafi upphaflega verið hugsuð fyrst og fremst fyrir fámenn sveitarfélög.

- Tillögur Reykjavíkurborgar fela í sér umfangsmiklar breytingar sem kunna að leiða til umróts í skólasamfélaginu. Æskilegt væri að innleiða slíkar breytingar í ákveðnum skrefum á lengri tíma.
- Vísað er til faglegra leiðbeininga Ríkisendurskoðunar um sameiningu stofnana frá 19. mars 2010.
- Ákveði Reykjavíkurborg þrátt fyrir varnaðarorð ráðuneytisins að hrinda tillögnum í framkvæmd ber að hafa tiltekin atriði varðandi vellíðan og öryggi barna og ungmenna að leiðarljósi.

I.

Tillögurnar varða breytingar á rekstri og skipulagi leikskóla, grunnskóla og frístundaheimila. Um starfsemi þessara stofnana gilda lög um leikskóla nr. 90/2008 og lög um grunnskóla nr. 91/2008, reglugerðir við lög og aðalnámskrár skólastiganna. Einnig gilda lög um menntun og ráðningu kennara og skólastjórnenda við leikskóla, grunnskóla og framhaldsskóla nr. 87/2008. Heimildarákvæði fyrir samrekstri og samvinnu um rekstur leikskóla skv. leikskólalögum er að finna í 28. gr. laganna:

http://www.fjarmalaraduneyti.is/media/Utgefin_rit/Sameining_rikisstofana.pdf

Skýrsla á gefin út af fjármálaráðuneyti sem fjallar um sameiningu ríkisstofnana og tengdar breytingar. Í skýrslunni segir m.a.

Erlendar rannsóknir sem greint er frá í viðauka 1 benda til þess að sameiningar og aðrar meiriháttar breytingar skili sjaldan þeim árangri sem vonast er eftir eða í undir 15% tilvika.

Helstu ástæður eru sagðar vera þessar: 3

- *Markmið og framtíðarsýn* eru ekki nógu skýr eða ekki útskýrð nógu vel.
- *Fjárhagsleg samlegð* er ofmetin.
- *Undirbúningi* og skipulagningu er áfátt.
- Ekki tekst að kveikja nægan *áhuga* á sameiningunni.
- *Starfsmannamálum* er ekki sinnt nógu vel.
- Breytingastarfið *lognast út af* áður en því er lokið. (bls. 5)

Veigamikill þáttur í vönduðum undirbúningi fyrir ákvörðun um sameiningu er að hlutaðeigandi ráðuneyti láti gera frumathugun, sem einnig mætti kalla fýsileikaathugun. Nánar til tekið beinist hún að eftirtöldu:

- Greina núverandi *starfsumhverfi* hlutaðeigandi stofnana og hvernig ytri aðstæður muni breytast ásamt því að meta áhrif þessa á starfsemi stofnananna.
- Greina *innviði* þeirra til að kanna ástand og hversu vel stofnanirnar eru undir sameiningu búnar.
- Lýsa *framtíðarsýn*, skilgreina markmið með sameiningu og velja viðmið.
- Skoða *kosti og galla* á valkostum, þar á meðal á sameiningu.
- *Rökstyðja* besta kostinn.
- *Leggja á ráðin* um breytingar sem þarf að gera svo sameinuð stofnun standi undir væntingum, markmið náist og framtíðarsýn rætist. Skipuleggja hvernig best væri að standa að undirbúningi og framkvæmd sameiningar.
- Taka skipulega saman helstu *álitamál*. (bls. 12)

Til að auka líkur á að sameining heppnist vel og samstaða myndist þarf að:

- Greina aðstæður og þær stofnanir sem stendur til að sameina.
- Móta skýra *framtíðarsýn* fyrir sameinaða stofnun.

Þetta tvennt eru forsendur þess að hægt sé að færa sannfærandi rök fyrir sameiningu og setja fram raunhæf markmið og mælikvarða á þau. Markmiðin hafa áhrif á hvaða leið er farin við

sameiningu, svo sem í starfsmannahaldi, mótun stjórnunarháttanna og endurskipulagningu rekstrarins.

Sameining stofnana getur aldrei verið markmið í sjálfu sér. Hún er einungis leið til að bæta starfsemi svo hún skili betri árangri í þágu lands og þjóðar. Starfsemi eflist ekki sjálfkrafa og fyrirhafnarlaust við sameiningu. Sameining gefur hins vegar tækifæri til að efla og bæta starfið ef vel er staðið að henni. Samskonar tækifæri gefst væntanlega ekki aftur því sameining verður ekki endurtekin ef hún misheppnast. (bls. 13-14)

http://www.rikisendurskodun.is/fileadmin/media/skyrslur/Spurningalisti_sameining_stofnana.pdf

Gátlisti Ríkisendurskoðunar varðandi þau atriði sem hafa ber í huga við sameiningu ríkisstofnana –“Eftirlit með sameiningu ríkisstofnana – Spurningalisti”. Vísað er til þessa lista í álitum mennta- og menningarmálaráðuneytis til Reykjavíkurborgar frá 28. mars 2011.

http://www.samband.is/media/skolamal/Samrekstur_Leidbeiningar.pdf

Leiðbeiningar Sambands Íslenskra sveitarfélaga um samrekstur grunnskóla. Í þeim segir m.a.:

Ávinningur af samrekstri skóla getur m.a. verið

- samræmd fagleg uppbygging
- aukin skilvirkni í stjórnun
- hagræðing í rekstri

Áður en hafist er handa við undirbúning samreksturs skóla er nauðsynlegt að skilgreina, hvaða ávinningi stefnt er að. Þegar ákvörðun er tekin um samrekstur er **mikilvægt að hafa gott samráð við foreldra og starfsmenn** skólanna m.a. í gegnum skólaráð grunnskóla og foreldraráð leikskóla. Sveitarstjórn/rekstraraðili skal tryggja að við ákvarðanatöku um samrekstur skóla **liggi fyrir áætlun um skipulag samrekstursins og markmið.**

Tryggt skal að hagsmunir nemenda séu hafðir að leiðarljósi við skipulagninguna. (bls. 1)

http://mbl.is/frettit/innlent/2011/03/24/undirskriftir_afhentar/

Undirskriftir afhentar borgarstjóra

24.03.2011

Forsvarsmenn vefsíðunnar born.is afhentu Jóni Gnarr, borgarstjóra, undirskriftir fyrir utan Ráðhús Reykjavíkur síðdegis í dag. Undirskriftirnar eru á tólfta þúsund og er skorað á Reykjavíkurborg að falla frá fyrirhuguðum tillögum um sameiningar- og breytingaráformum í leikskólum, grunnskólum og frístundaheimilum borgarinnar. Hagráðingaráformum er ekki mótmælt en þau þurfi að vinna út frá faglegum forsendum og í nánú samstarfi við foreldra, starfsfólk og stjórnendur viðkomandi stofnana. Borgarstjóri þakkaði hópnum fyrir og sagði að umsagnarfrestur vegna fyrirbyggjandi tillagna rynni út á morgun og farið yrði vandlega yfir allar umsagnir sem bærust borginni.

http://www.reykjavik.is/Portaldata/1/Resources/menntarad/fylgiskjol/Umsoegn_Kennarasamb_slands.pdf

Umsögn Kennarasambands Íslands en eftirfarandi aðildarfélög og svæðadeildir komu að umsögninni: Félag leikskólakennara og 1. svæðadeild Félags leikskólakennara Félag stjórnenda leikskóla og 1. svæðadeild Félags stjórnenda leikskóla, Félag grunnskólakennara og Kennarafélag Reykjavíkur, Skólastjórafélag Íslands og Félag skólastjórnenda í Reykjavík.

Í lokaorðum umsagnarinnar segir m.a.:

...er það skoðun félaganna að tillögurnar beri að draga til baka nú þegar. Félögin hvetja borgaryfirvöld til að móta skýra sýn og heildarstefnu áður en ráðist er í umfangsmiklar breytingar og að leita raunverulegs samráðs við þá sem hafa bestar forsendur til að fjalla um og greina möguleg tækifæri til skólaþróunar. Þegar kreppir að í samfélaginu er enn mikilvægara en ella að skólar séu vel í stakk búnir til að sinna því hlutverki sínu að standa vörð um velferð og öryggi barna og ungmenna. Það er það sem skiptir mestu máli þegar upp er staðið.

http://www.reykjavik.is/Portaldata/1/Resources/menntarad/fylgiskjol/menntavisindasvid_hi_2.pdf

Umsögn Háskóla Íslands – menntavisindasviðs um tillögurnar. Þar segir m.a.:

Við teljum mikilvægt að við mótun skólastefnu komi fram helstu viðmið sem eigi að halda í heiðri, eða markmið sem eigi að stefna að. Skýrari framsetning þeirra en kemur fram í greinargerðinni yrði mjög gagnleg og að þessu er víða vikið í umsögn okkar hér á eftir. (bls. 2).

Í skýrslunni eru fjölmörg viðmið og markmið nefnd, en við teljum að það sé mikilvægt að setja þau skipulegar fram og hafa þau ítarlegri; það er gagnlegt fyrir þá sem taka þátt í umræðu um skýrsluna og vilja bregðast við henni. Það kann einnig að vera gagnlegt að flokka tillögurnar miðað við a.m.k. nokkur viðmið og gefa þeim einkunn á kvarða... Viðmiðin sem mætti hugsa sér eru (gætu verið önnur)

Fjármál

1. Að hvaða marki felast tillögurnar í betri nýtingu húsnæðis?
2. Að hvaða marki er tillagan einkum fjárhagsleg?
3. Að hvaða marki sparar tillagan mannahald?

Fagleg hlið

4. Að hvaða marki er tillögunni einkum ætlað að ná fram faglegum umbótum?
5. Að hvaða marki eru einingar metnar lítt starfhæfar miðað við þau viðmið sem notuð eru og kallaði því mjög á breytingu?
6. Að hvaða marki fela tillögurnar í sér mikilvæga faglega endurskipulagningu, hvað snertir skóla- eða stofnanaskipan?
7. Að hvaða marki fela tillögurnar í sér mikilvæga faglega endurskipulagningu, hvað snertir stjórnendur?
8. Að hvaða marki fela tillögurnar í sér mikilvæga faglega endurskipulagningu, hvað snertir skólaskipan?

Hlið barna og foreldra

9. Að hvaða marki eru tillögurnar íþyngjandi fyrir foreldra (5 alls ekki íþyngjandi, 0 mjög íþyngjandi)? Að hvaða marki breytir tillagan einhverju beinlínis fyrir foreldra?
10. Að hvaða marki þýðir tillagan breytingu á ferðalagi barnanna í skólann?

Framkvæmdahraði

11. Hve erfitt er að framkvæma breytinguna strax?
12. Hve mikilvægt er að hún hafi aðdraganda?

Með slíkri flokkun væri auðveldara að átta sig á ólíku eðli tillagnanna, m.a. að aðgreina þær tillögur sem eru einkum byggðar á fjárhagslegum rökum. (bls. 3-4)

Tekið er undir það sem fram kemur í skýrslu starfshópsins að niðurstöður rannsókna styðja ekki við eina skólagerð fremur en aðra. Aðrir þættir, s.s. stjórnunar- og kennsluhættir, vega þyngra þegar kemur að því að meta gæði eða árangur skólastarfsins. (bls. 13)

Kostir geta fylgt því að styrkja fámennar unglíngadeildir eins og margar tillagnanna gera ráð fyrir. Fjölmennari unglíngadeildir skapa meiri félagslega og námslega fjölbreytni heldur en þær fámennari. Þó hefur verið bent á að félagslegt rót gæti fylgt því þegar hópur unglínglinga kemur inn í rötgróid samfélag þar sem allir þekkjast eins og gert er ráð fyrir í suðurhluta Grafarvogs og í Víkurskóla, sem er reyndar þegar komið til framkvæmda. Sama fyrirkomulag hefur verið um árabíl í Árbæjarskóla, þangað koma nemendur úr tveimur grunnskólum í unglíngadeild og sameinast þeim sem fyrir eru. Sé vel unnið með slíkar aðstæður á hverjum stað mun þetta ekki hafa vanda í för með sér en takist það ekki gæti það skapað stóran félagslegan vanda. (bls. 13)

Ekki verður hér lagt mat á fjárhagslegan ávinning sem tilgreindur er í skýrslu starfshópsins, til þess eru upplýsingar of litlar. En þegar rökstyðja á verkefnið í heild væri e.t.v. betra að halda sig við fjárhagsleg rök fremur en fagleg rök. Að því gefnu að nauðsynlegt sé að draga saman í reykvískum skólum að því marki sem lagt er til, má stilla upp mismundi kostum og vega og meta hver þeirra valdi hvað minnstri röskun á daglegu starfi skólanna. (bls. 14-15)

Samrekstur eða sameining eins og hér er lagt til, getur vissulega skilað sér í faglegum ávinningi eins og bent er á í skýrslu starfshópsins svo sem í möguleikum á fjölbreyttara námsframboði, meiri félagslegri breidd eða betri nýtingu á sérfræðiþekkingu kennara. Þessi ávinningur er þó ekki tryggður en það er hann heldur ekki þó ekki sé sameinað. (bls. 15).

http://www.reykjavik.is/Portaldata/1/Resources/menntarad/fylgiskjol/Umsoegn_Jafnr_ttisstofa.pdf

Í umsögn Jafnréttistofu segir m.a. á bls. 2:

Við sameiningu skóla verður að hafa í huga hvort hún hefur áhrif á aðstöðu og vinnutíma foreldra, t.d. hvort fjarlægðir til leik- eða grunnskóla aukist til muna þannig að meiri tími fari í að koma börnum í skóla eða hvort taka þarf upp akstur þar sem áður var hægt að ganga í skólann. Þar koma aukin umferð og umhverfismengun einnig til skoðunar.

http://www.reykjavik.is/Portaldata/1/Resources/menntarad/fylgiskjol/throskathjalfafelag_islands.pdf

Úr umsögn Proskapjálfafélags Íslands en í raun má heimfæra sömu rök á sérdeild einhverfra í Hamraskóla:

námi í frístundaheimilinu. Því er ekki endilega hægt að fullyrða um að sameiningin yrði börnum með sérþarfir faglega til góða. Þí vill einnig vekja athygli á að sérdeild fyrir börn með einhverfu er m.a. starfrækt í Fallaskóla sem fyrirhugað er að sameina við Hólabrekkuskóla með aldurskiptingu. Þí sér ekki að sú röskun sem óneitanlega fælist í slíkri sameiningu geti falið í sér nokkurn faglegan ávinning fyrir þann barnahóp.

Að endingu vill Þí skora á borgaryfirvöld að hverfa frá og endurskoða fyrirhugaðar sameiningar og fara þess í stað í endurskoðun á menntakerfinu með raunverulegu samráði við hlutaðeigandi aðila.

<http://www.reykjavik.is/Portaldata/1/Resources/menntarad/fylgiskjol/samfok.pdf>

Í umsögn SAMFOK, samtök foreldra grunnskólabarna í Reykjavík, sagði m.a.:

SAMFOK leggur til að horfið verði frá áformum um sameiningar, samrekstur og aðrar breytingar að sinni. SAMFOK telur að mjög skorti á að fullnægjandi fagleg og fjárhagsleg rök styðji tillögurnar eins og viðmið starfshóps kváðu á um. Auk þess sem verulegur skortur á samráði og upplýsingagjöf skilji eftir of mörg spurningamerki og of mikla andstöðu hagsmunaaðila til að búast megi við farsælli niðurstöðu að svo stöddu.

Foldaskóli, Húsaskóli og Hamraskóli

Foldaskóli verði safnskóli og taki við unglingum úr Húsaskóla og Hamraskóla. Stærri unglingadeild getur boðið upp á ýmsa möguleika svo sem fjölbreyttara námsframboð og aukin tækifæri í félagslífi. SAMFOK leggur til að gerð verði fagleg úttekt á hagræðingarkostum í samvinnu við foreldra og starfsfólk.

http://www.barn.is/barn/adalsida/frettir/?cat_id=34538&ew_0_a_id=375540

22. mars 2011 | Fréttir 2011

Niðurskurður í skólum - Bréf til sveitarfélaga

Umboðsmaður barna hefur verulegar áhyggjur af áhrifum fyrirhugaðs niðurskurðar í leik- og grunnskólum landsins á börn. Umboðsmaður sendi, 21. mars 2011, bréf til sveitarstjóra, sveitarstjórnarmanna og nefndamanna í skólanefnd eða þeim nefndum sveitarfélaganna sem tekur ákvarðanir um skólamál. Þar segir m.a.:

Umboðsmaður barna tekur undir þá gagnrýni sem fram hefur komið á undanförunum vikum um að ákvarðanir um sameiningar skóla og aðrar aðgerðir til hagræðingar í ákveðnum sveitarfélögum hafi verið teknar án þess að gerðar hafi verið fullnægjandi úttektir á faglegum grundvelli. Mikilvægt er að ákvarðanir séu teknar af vel ígrunduðu máli og ávallt þannig að tryggt sé að nægileg fagþekking sé enn til staðar í leik- og grunnskólum landsins. Sérfræðiþekking og nægjanlegur fjöldi starfsfólks eru ekki síst mikilvæg til þess að skóli án aðgreiningar geti verið raunhæft markmið, sérstaklega þegar val barna með sérþarfir milli þess að fara sérskóla og almenna grunnskóla hefur verið takmarkað.

Umboðsmaður barna skorar á sveitarfélög að endurskoða tillögur um niðurskurð og hagræðingu í skólakerfinu og hafa í huga að hagsmunir barna eiga ávallt að ganga framur fjárhagslegum hagsmunum sveitarfélaga.

<http://borninokkar.is/>

Börnin okkar harma forgangsroðun meirihlutans í borginni og hvernig málefni leikskólabarna eru fótum troðin. Auk þess að sameina 24 leikskóla fyrir 1. júlí næstkomandi verður bakland leikskólanna sett í algjört uppnám með tillögu um sameiningu leikskólasviðs, menntasviðs og tómsundamála ÍTR.

http://reykjavik.is/desktopdefault.aspx/tabid-4422/7534_view-4356/

Umsagnir skólaráða í grunnskólum (33 umsagnir)

http://reykjavik.is/desktopdefault.aspx/tabid-4422/7534_view-4357/

Umsagnir foreldraráða í leikskólum (32 umsagnir)

http://reykjavik.is/desktopdefault.aspx/tabid-4422/7534_view-4358/

Hverfisráð Reykjavíkur (9 umsagnir)

http://reykjavik.is/desktopdefault.aspx/tabid-4422/7534_view-4363/

Umsagnir sem bárust Íþróttá- og tómstundaráði

http://reykjavik.is/desktopdefault.aspx/tabid-4422/7534_view-4359/

Umsagnir sérfræðinga og ýmissa stofnana

<http://www.visir.is/breytingar-a-tillogum-um-sameiningu-skola/article/2011704159917>

Breytingar á tillögum um sameiningu skóla

Fréttablaðið Innlent 15. apríl 2011 07:00

http://www.pressan.is/Ekki_missa_af_thessu/Lesa_ekki_missa/skrautlegur-fundur-i-grafarvogi-heimaunnin-skyrsla-slo-vopn-ur-hondum-jons-og-oddnjar

12. mar. 2011 - 15:30

Skrautlegur fundur í Grafarvogi: Heimaunnin skýrsla sló vopn úr höndum Jóns og Oddnýjar

<http://www.visir.is/foreldrar-hafna-skolatillogum---hjalmar-settur-af-sem-fundarstjori/article/2011110319699>

Foreldrar hafna skólatilögum - Hjalmar settur af sem fundarstjóri

http://www.mbl.is/frettir/innlent/2011/03/24/undirskriftir_afhentar/

Á tólfta þúsund undirskrifa afhent borgarstjóra, Jóni Gnarr í mars 2011 – frétt af mbl.is undir heitinu

„Undirskriftir afhentar“.

<http://www.visir.is/skolamalin-raedd-i-borgarstjorn---90-prosent-umsagna-neikvaedar/article/2011110409497>

Frétt í Fréttablaðinu um umræður í borgarstjórn um sameiningarmálin undir heitinu „Skólamálin rædd í borgarstjórn - 90 prósent umsagna neikvæðar“

<http://fsl.ki.is/lisalib/getfile.aspx?itemid=13513>

11. fundur í stjórn Félags stjórnenda leikskóla 27. Apríl 2011

Björk sagði frá fundi borgarstjórnar þann 19. apríl, þar sem ákvörðun um sameiningu skóla í Reykjavík var formlega samþykkt þrátt fyrir mikla og málefnalega andstöðu.

Á fundi stjórnenda þeirra skóla sem til stendur að sameina, sem haldinn var í Perlunni þann 18. apríl, var samin áskorun til borgarstjórnar. Þar var hvatt til þess að hætt yrði við sameiningarnar á þeim forsendum að hver skóli er með sjálfstæða stefnu en borgaryfirvöld höfðu dregið til baka tillögu um sameiningar tveggja skóla þar sem stefnur þeirra þóttu ólíkar.

http://www.hvasso.is/index.php?option=com_content&view=article&id=685:fundargere-4-10-2011&catid=11:fundur&Itemid=15

Á fundi í stjórn Foreldrafélags Hvassaleitisskóla þriðjudaginn 4. október var meðal annars rætt um sameiningu Hvassaleitisskóla og Álfamýrarskóla. Mikil óánægja er í foreldrasamfélaginu með sameiningarferlið eins og greinilega kom fram á aðalfundi foreldrafélagsins þann 26. september sl. Nú eru aðeins tæpir þrjú mánuðir þar til nýr skóli tekur til starfa og enn er allt óljóst varðandi framtíðarskipulag hans, nafn skólans og nýjan skólustjóra. Stjórn foreldrafélags Hvassaleitisskóla telur að lítið sem ekkert hafi miðað í sameiningarferlinu frá því að stýrihópurinn var myndaður í maí 2011 og biður um að fá senda verk- og tímaáætlun stýrihópsins.

<http://www.visir.is/vilja-ekki-sameiningu-skola-i-breidholti/article/2011110309076>

Vilja ekki sameiningu skóla í Breiðholti

http://www.hvassaleitisskoli.is/index.php?option=com_content&view=article&id=638:fundur-skolaraes-10-3-2011&catid=69:fundargerdir&Itemid=73

Næstkomandi mánudag kl. 14.30 verður fundur á vegum borgaryfirvalda með starfsfólki Álftamýrarskóla og Hvassaleitisskóla. Rætt hefur verið við foreldrafélag Álftamýrarskóla og eru þau einnig alfarið á móti sameiningu. Ályktun frá foreldrum í Hvassaleitisskóla var gerð síðastliðið mánudagskvöld á fundi sem haldinn var í sal skólans, um 150 manns voru á fundinum. Stjórn foreldrafélagsins bætti í ályktunina á fundi 9. mars. Ályktunin frá foreldrafélagi Hvassó verður lögð fyrir starfsmannafund.

http://www.pressan.is/pressupennar/Lesa_adsent/heida-aspir-bida-ekki-af-ser-kreppuna.-theim-verdur-ad-sinna?page=2&offset=30

Ég mætti á þennan fund, full eftirvæntingar um að ég fengi svör við spurningum mínum, sérstaklega hvað varðar sameiningu leikskóla, stöðu mína sem deildarstjóra og hvort ég gæti áhyggjulaus haldið áfram að sinna því góða starfi sem fram fer í mínum skóla. Því miður fór ég af fundinum mun ráðviltari og með mun fleiri spurningar í huga mér en þegar fundurinn hófst.

<http://www.bullogvitleysa.com/2012/01/25/mikil-reidi-a-foreldrafundi/>

Mikil reiði braust út meðal foreldra barna í Hvassaleitisskóla á kynningarfundum í kvöld um sameiningu í nýjan Háaleitisskóla, þegar tilkynnt var að vegna framkvæmda í Breiðagerðisskóla myndi miðstigið þar flytjast í Hvassaleitisskóla næsta skólaár. Segir talsmaður foreldra þá ekki hafa verið hafða með í ráðum eða starfsmenn Hvassaleitisskóla.

<http://www.mbl.is/media/98/4198.pdf>

Stjórn Foreldrafélags Hvassaleitisskóla mótmælir harðlega þeim fáheyrðu áformum skólayfirvalda í Reykjavík að ætla að hýsa stóran hluta nemenda Breiðagerðisskóla í Hvassaleitisskóla næsta vetur meðan byggingarframkvæmdir standa yfir í fyrrnefnda skólanum. Þetta gerist án lögbundins samráðs við foreldra og skólaráð á sama tíma og viðkvæmt og afar umdeilt sameiningarferli stendur yfir í Hvassaleitisskóla og Álftamýrarskóla.

http://www.mbl.is/frettir/innlent/2011/03/08/breidholt_mest_fyrir_bardinu_a_sameiningarhugmyndum/

Breiðholt mest fyrir bardinu á sameiningarhugmyndum

<http://timinn.is/hofudborgarsvaedid/m%C3%B3tmaelt-%C3%AD-brei%C3%B0holti.aspx>

Íbúasamtökin Betra Breiðholt átelur harðlega þau vinnubrögð sem viðhöfð hafa verið í tenglum við fyrirhugað sameigningu á leikskólum og grunnskólum í Breiðholti. Ekki hefur verið haft fullnægjandi samráð við íbúa hverfisins og notendur þjónustunnar né heldur við það hæfa fólk sem starfar á þessum vettvangi og þekkir best til. „Slík vinnubrögð eru ekki í samræmi við góða stjórnsýsluhætti né í samræmi við þá stefnu sem íbúðasamtökin hafa talið að borgarstjórn Reykjavíkur ætlaði að fylgja. Með slíkum sameiningum er verið að skerða þjónustu við þá sem minnst mega sín án þess að fyrir því liggi fullnægjandi fagleg né fjárhagsleg rök,“ segir í ályktun Íbúasamtakanna Betra Breiðholt eftir fund með borgarstjóra í hverfinu.

http://www.mbl.is/frettir/innlent/2012/02/01/mikil_reidi_vegna_sameiningar/

<http://ruv.is/frett/segja-engin-rok-med-sameiningu>

Tvær fréttir frá fundi foreldra í Hamraskóla með fulltrúum meirihlutans í borgarstjórn